

Nd.

423. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Til að tryggja sölu útfluttrar síldar álit jeg heppilegast, að ríkið hafi einkasölu á öllu því, sem flutt er út af þessari vöru.

Það er áhættulaust fyrir rikissjóðinn, því ekki er ætlast til þess, að hann kaupi neina síld af framleiðendum, heldur hafi einkaumboð til sölu erlendis. Og allur kostnaður við sölna er fyrst dreginn frá andvirði seldrar síldar.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar vill fara aðra leið í þessu máli, og þó að frv. það, er meiri hlutinn ber fram, kunni að vera til bóta frá því, sem nú er, þá álit jeg, að ekki sje það jafnvænlegt til góðs árangurs og einkasala ríkisins.

Við orðalag frv. hafa eigi komið fram neinar athugasemdir, en rjettara mun þó vera að setja viðurlög fyrir brot á reglugerðum þeim, er settar kunna að verða til fyllri framkvæmdar þessara laga.

Jeg legg til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 7. grein. Aftan við greinina bætist:

Í reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

Alþingi, 26. apríl 1926.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.